

**Nr. 041 / 13 Guðrún BA 127****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2085  
Smíðaður: Noregi 1990 plast  
Stærð: 6 brl. 9,4 bt.  
Mesta lengd: 10,54 m Skráð lengd: 9,54 m  
Breidd: 3,35 m Dýpt: 2,09 m  
Vél: Deutz 148 kW, 2000  
Fjöldi skipverja: 1



Guðrún©Þorgeir Baldursson

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrásyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 6. maí 2013 var Guðrún BA 127 á strandveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NNA 8-13 m/sek og talverður sjór.

Báturinn datt út úr ferilvöktunarkerfi Vaktstöðvar siglinga og svaraði ekki kalli á VHF rásum en eftir að hafa fundið símanúmer tókst að ná í skipstjórnann í gegnum síma. Í ljós kom að vandræði voru með rafmagn um borð og ekki hægt að gangsetja vél.

Hafbáran BA 53 tók Guðrúnu BA í tog en vegna veðurs og sjólags við Blakk var Núpur BA 69 fenginn til að taka við drættinum áleiðis til Patreksfjarðar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að rafgeymarnir voru ónýtir og höfðu ekki tekið hleðslu. Ástand þeirra hafði ekki verið athugað fyrir veiðitímabilið þ.e.a.s. hvorki sýru- né álagsmældir;
- að þegar lagt var úr höfn þurfti að gangsetja með neyðarstarti frá rúllugeymum og skiptibúnaður til þess (hnífur) var skilinn eftir í þeirri stöðu. Rafgeymasettið fyrir rúllurnar var því tengt við startgeymasettið í ferðinni. Bátsverjinn taldi ástæðu þessa atviks vera vegna mistaka og vankunnáttu.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur sjómenn til að huga vel að öllum búnaði áður en lagt er úr höfn.